

ERRÓ sýnir á listahátíð í splunkunýjum sýningarsal Hafnarhússins:

Konungurinn kominn

F rægasti listmálari Íslendinga, Guðmundur Guðmundsson Erró, opnar myndlistarsýningu í Hafnarhúsinu í dag að viðstaddir drottningu Dana, forseta Íslands og frú Guðrúnu Katrínu og öðru fyrir-menni. Talsvert væri gefandi fyrir að vera fluga á einhverjum hinna stóru veggja Hafnarhússins þegar gestir ganga þangað inn því þar er sannarlega sjón að sjá: Tæplega hundrað málverk af öllum stærðum en flest stór, jafnvel gríðarstór, litsterk og æsandi, falleg og tilfinningabrungin, jafnvel væmin, og allt þar á milli breiða sig yfir hvíta veggja en í kring eru blóðhráir innviðir hússins: fyrir ofan grá steypa, til hlíðar óheflaður timburupplátur. „Andstæðurnar eru æðislegar,“ segir málariinn og lítur ánægður í kringum sig.

Í Hafnarhúsinu er skipulagið þannig að myndraðir eru saman í rými svo að þeir sem taka ástföstri við ákveðna röð geti einbeitt sér að henni og útlökkað aðrar á meðan. Rýmið eru stúkuð af með milliveggjum og mörg hver eru á stærð við litil galleri. Málverkin eru ýmist af teiknimyndafígúrum eða gerð með klippimyndatekni Errós sem hann markaði sér bús með í listasögunni: þá stillir hann upp andstæðum á einni og sömu mynd – ógleymanleg er til dæmis myndröðin af geimförum bandarískum með persónum af rómantískum evrópskum málverkum.

Sýnir í París 2000

Erró er búsettur í París en hefur vinnustofur að auki á Spáni og í Taílandi. „Það er mikil hjálp í því að geta skipt reglulega um kunningja, andrúmsloft og umhverfi,“ segir hann. Það er viðburður þegar konungur Íslenskrar nútímalistar kemur heim eftir fjórtíu ára vist erlendis og blaðamenn sitja fyrir honum við hvert fótmál. Ekki finnst Erró það skemmtilegt; hann er hlédrægur maður sem feginn vill fá að vera í friði, en það fær hann ekki. Líklega kemur hann of sjaldan; við værum kannski ekki svona ágang ef hann væri hversdagslegri sjón á götum borgarinnar.

Árið 1991 kom út bókinn Erró, margfalt líf eftir Aðalstein Ingólfs-son listfræðing og ég byrja á að hafa orð á því við Erró að mér hafi fundist það góð bók og aðlaðandi maður sem hún er lögð í munn. „Já, ég las hana aftur nýlega og



Erró með nokkrum „órlagakomum“ úr myndröðinni „Femmes fatales“.

DV-myndir Hilmar Þór


hafði afar gaman af henni,“ segir Erró. „Ég les mikið af ævisögum og mér fannst þessi saga vönduð og skemmtileg – en mér fannst hún ekki vera um mig!“

Ég fullvissa hann um að hann sé lifandi kominn í texta Aðalsteins og spyr hann hvað hann hafi verið að gera síðan hún kom út. „Ég hef málað mikið. Þú getur séð og lesið allt um það í stórra bók sem var að koma út um mig á Ítalíu; 500 sérprentuð eintök af henni verða send hingað. Ég var útféðandinn innan handar með að afla upplýsinga um verkin mín en það ætla ég aldrei að gera aftur. Nú ætla ég að loka á upplýsingastreymi frá mér, það fer allt af mikill tími í þetta. Mig langar til að vera í friði og ró. Enda verð ég að vera duglegur því ég verð með sýningu í París eftir tvö ár, árið 2000, í stóru safni, og safnstjórnin bað mig að stöðva sýningahald þangað til. Ég hef sýnt of mikið undanfarið.“

Fyrir nokkrum árum bað listasafnið í Hannover Erró að útvega skrá yfir pólitísk verk hans með það fyrir augum að búa til sérstaka sýningu á þeim. Hann benti þeim á yfir 400 verk, málverk, vatnslitamyndir og skissur sem tókst að fá að láni og sýningin var sett upp, stór og ógrandi, fyrst í Hannover en síðan hefur hún í tvö ár verið á ferðalagi, aðallega um Þýskaland og Austur-Evrópulöndin – nema Pólland. „Það

er líklega bæði of mikið sex og pólitík í myndunum mínum fyrir hina síðavöndu og kaþólsku Pólvörja,“ segir Erró og brosir sínu breiða, karlmannlega brosi. „Þeir ákváðu tvisvar sinnum að taka sýninguna en hættu við í bæði skiptin!“ Núna er sýningin í Bratislava í Slóveníu og fer þaðan til Suður-Þýskalands og Ísland þar. Þá verður hún búið að hanga uppi í tíu borgum og Erró hefur farið víða með henni. „Það var skemmtilegt að fara aftur til Berlínar en hrifnastur varð

ég af Hamborg sem er bæði falleg og skemmtileg borg, og München – þetta er merkilegar borgir. Eg fór líka til Belgrad og þeir litprentuðu myndina „Sarajevo“ í sýningar-skránni. Það fannst mér gaman.“ Mikið hefur verið talað og skrifað um þessa sýningu, sérstaklega í Þýskalandi. „Ég hef fengið sendar milli 30 og 40 úrklippur úr blöðum hún búið að hanga uppi í tíu borgum og Erró hefur farið víða með henni. „Það var skemmtilegt að fara aftur til Berlínar en hrifnastur varð



Erró ráðgast við sýningarstjóra sinn, Gunnar Kvaran.

„Einmitt, lygasögu! Dóttir mín er búin að eignast góðan mann og eftir því sem mér skilst eru þau með barn í smíðum, og föstur dóttir mín í Bangkok eignast barn á næstu vikum, svo að ég verð bæði afi og hálfafi á árinu. Nú er ég líka kominn á eftirlaun, ég verð 66 ára í júlí, svo að það er ekki seinna vænna að verða afi.“ Sambýliskona Errós síðan 1973 er Vilai Permchit frá Taílandi, 22 árum yngri en hann. Hún var áttán ára þegar þau kynntust, hann fertugur, sjóður í kvennamálum eins og annarrí lísfrynsu. Hún á dótturina Ky, en dóttir Errós og Myriam Bat-Yosef, en fyrrum eiginkonu hans, er Tura sem er lækni.

Við göngum um viðáttur Hafnarhússins og virðum fyrir okkur listaverkin. „Þegar ég hef svoltið meiri tíma langar mig til að bæta inn í Errósafni Reykjavíkurborgar,“ segir hann. „Það vantar til dæmis mikið af klippimyndum. Ekki til að gera það stærra heldur til að hægt sé að koma upp samstæðum sýningum ef á þarf að halda. Þetta safn hefur verið á ferðalagi í mörg ár, til dæmis um Norðurlönd og Skotland. Það kemur mér auðvitað ekki beint við lengur en mér finnst gaman að það skuli vera til hérna heima. Kannski er það of stórt – en það er ágætt að eiga til skiptanna.“

Fyrirhugað er að alltaf verði uppihangaandi eitthvað af Errósafninu í hluta af Hafnarhúsinu og þá er nauðsynlegt að hægt sé að setja upp sýningar af öllum tagi, eins og gert er með málverk Kjarvals.

Enginn fær að mála nema hann

– Fyrir hverja ertu aðallega að vinna núna? „Fyrir sjálfan mig mest, en ég tek líka pantanir sem mér þykja spennandi. Ég var núna að búa til risastórt verk úr keramikflisum fyrir neðanjarðarbrautarstöð í Lissabon í Portúgal, fyrir heimssýninguna þar. Þetta er ný brautarstöð og ég held að það séu tólf listamenn að vinna listaverk fyrir hana. Ég geri verk á 30 metra langan vegg og það verða tuttugu þúsund flisar í 127 litum í því! Það er búið að setja myndina upp og ég held að stöðin verði opnuð á næstu dögum.“

Svo er ég að búa til sex stórar kvenmyndir úr „femmes fatales“-seríunni fyrir Sony. Myndaröðina í heild má sjá hérna á sýningunni en ég er að stækka sex þeirra fyrir Sony-stórhyði í Lissabon. Það er mjög falleg bygging sem var verið að ljúka við og stúlkurnar mínar verða á torginu fyrir utan – þær verða útlitaverk.“

Meðal þessara mynda er upphaldsmynd Errós á sýningunni – „Tank Girl“. Á forstömu mynd helgarblaðsins í dag má sjá hluta af þeirri mynd á bak við Erró.

Goðsögur af Erró segja meðal annars að hann reki verkstæði – oftast í Taílandi – þar sem lærlingur mála myndir eftir hans forskrift. Maður sér fyrir sér vinnustofur eins og Bertil Thorvaldsen rak í Rómaborg á hátíndi ferils síns, jóndandi af vinnunum höggvandi grjótt eftir fyrirmyndum meistarsins. En Erró sveiðir því. „Ég þoli engan nálægast um á vinnustofunni minni – þá fer ég að tala og vinn ekki neitt. Ég verð að vera aleinn – nema það er allt í lagi þó að konan sé við hlíðina á mér.“ Hann malar allt sjálfur; þó er til í því að Vilai fái að fylla út í bakgrunna þegar mikið liggur við.

Erró er þekktur fyrir fádæma ör-læti, bæði meðal vina og kunningja og líka hjá alþjóðlegum hjálparstofnunum. „Ég hef mestmegnis haft símann minn opinn fram að þessu en nú ætla ég að setja símsvarann á. Það er hringt og rellað 15–20 sinnum á dag – margir vilja fá myndir gefins fyrir einhverja göggerðarstarfsemi. Stundum er sjálfsagt að gefa en oft lendir þetta söfnunarfé í höndum óvandaðra manna sem fara á karnival í Ríó í stað þess að gefa það fátækum börnum á Indlandi. En nú er ég búinn að gefa svo mikið að yngri listamenn verða að taka við.“

Vínið í lagi en maturinn dýr

– Hvernig finnst þér að koma heim til Íslands?

„Ég veit það ekki – ég hef mest verið niðri í kjallara! En okkur Gunnari Kvaran hefur gengið vel að velja myndir og það skotgengur að hengja upp enda höfum við duglega hjálparmenn, unga myndlistarmenn sem hafa glöggst auga og eru snöggrir að þessu – Þorra son hans Hring og fleiri. Flestar myndirnar kom ég með frá París en við fylltum upp í raðirnar með myndum úr Listasafni Reykjavíkur.“

– En hvað með andrúmsloftið? Matinn? Listina?

„Matsöluastaðir hér eru allt-allt of dýrir!“ segir lífsnautamaðurinn Erró og hækkar róminn í fyrsta sinn í samtalinu. „Þetta er tvöfalt dýrara en finni staðir í París! Vínið er í lagi, gott úrval á ekkert svo háu verði, en maturinn fer alveg með það! Matreiðslumenn hér eru orönnir mjög flinkir – það hefur sannarlega breyst á undanföllum árum – en fyrir þetta verð er líka hægt að kaupa besta mat í heimi á finnum veitingahúsum erlendis. Meira að segja í Sviss!“

– En hvað um íslenska myndlist? „Það er eins með hana og matinn. Auðvitað fylgist ég ekki nógu vel með en það sem ég hef séð list mér mjög vel á. Listafólk er hvað öðru ólíkt en það eru áreiðanlega tíu íslenskir listamenn sem gætu verið gjaldgengir hvar sem væri.“

– Lokaspurningin er kannski stór en freistandi að bauna henni á mann sem fer svo víða: Hver finnst þér vera staða málara listarinnar á okkar dögum í Evrópu?

Erró reynir að brosa ekki að spurningunni, lítur til lofts og segir: „Ég sé nú ekki framtíðina vel fyrir mér. Það er búið að reyna alla skapaða hluti, alla tækni. En mér list vel á videoi og klippimyndirnar.“

Annars fylgist ég betur með tiskusýningum í París heldur en málverkasýningum. Þar nýtur unga fólk sín í sköpuninni – í fatahónum og slíku. Það er ný leið.“

– Er málverkið þú staðnað? „Nei, það kemur alltaf eitthvað nýtt. En maður sér það ekki fyrr en seinna. Listamenn eru ekki teknir alvarlega fyrr en eftir fimmtugt, fram að því eru þeir að reyna sig.“

En framleiðslan er ótrúleg. Í París einni borga þrjátíu þúsund manns í lífevrisjóð myndlistarmanna! Ég á góðan vin sem smíðar blindramma og hann smíðar meira en milljón slíka ramma á ári. Allir seljast og á þetta er málað en maður veit ekkert hvað verður um það síðan.“



Ein af klippimyndum Errós.

Lærdómsríkt að herma eftir

– Hefurðu orðið var við að ungr myndlistarmenn stældu þig? „Nei nei,“ segir Erró og rekur upp hrossahlátur, „það er enginn að stæla minni! Ég fór sjálfur í segnum ýmsa listamenn þegar ég var ungur, bara til að finna minn stíl – ef það er hægt að finna hann, ég held reyndar ekki. Ég hermdi hreinlega eftir verkum manna til að æfa mig, og það var oft betra en að vera í myndlistarskóla.“

Parisarskólinn var algerlega afstrakt í kringum '58-60 en minn hópur opnaði aftur fyrir figúrasjónni, þá


var mikil blessun. Svo kemur ný kynslóð núna með allt aðrir áherslur.

Nei, það er enginn að stæla neinn þó að verkin séu lík – eldri listamenn þó bara að hjálpa þeim yngri að finna föt-festu. Í byrjun hefur maður enga hugmynd um hvert maður er að fara.“

– Viltu segja eitthvað að klassískum lokum?

„Já, mig langar að segja að lokum að ég hef gaman af að horfa á unga fólk hérna heima, það er vel klætt og fallegt, það er létt í huga, það er að vinna og virðist allt víta hvað það er að gera. Í París er þungur tónn í fólk. Hér virðist allt vera í besta lagi.“

SA



Listamaðurinn með frægri myndröð þar sem bandarískir geimfarar hitta persónur af frægum evrópskum málverkum. Hér mæna þeir á Venus eftir Ingres og reyna að ná sambandi.